

**Sþ.**

**35. Tillaga til þingsályktunar**

[35. mál]

um skipun nefndar til að kanna eðli og útbreiðslu atvinnusjúkdóma.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Eðvarð Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sérfróðra manna til að gera ítarlega könnun á eðli og útbreiðslu atvinnusjúkdóma hérlendis, svo sem vegna vinnuálags, og langs vinnudags, hraða eða sjálfvirkni vinnunnar, umgengni við hættuleg efni, mengað andrúmsloft, hávaða, kulda, eða vegna annars, sem snertir aðbúnað starfsfólks á vinnustað.

**Greinargerð:**

Þetta mál var lagt fram á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Því fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Eins og kunnugt er, mun það vera eitt af sérkennum íslensks atvinnulífs, hve vinnutími er allajafna langur hjá þorra verkafólks. Lengstur er hann þó hjá þeim er framleiðslustörf stunda, til sjávar og sveita. Ástæður þessa eru margar og eiga eflaust rætur að rekja til fámennis í harðbýlu landi. En þó verður ekki fram hjá því litið, að kjör verkafólks eru yfirleitt það naumt skömmtuð, að dagvinnutekjur einar nægja engan veginn til framfæris.

Verkafólk neyðist því til að leggja á sig óhóflega langan vinnudag og er 10—12 klukkustunda vinnudagur algengur, jafnvel 6 daga vikunnar. Ekki er vitað til þess, að gerð hafi verið könnun á raunverulegum vinnutíma verkafólks hér á landi, en slík könnun kynni að breyta ýmsum hefðbundnum skoðunum um raunveruleg lífskjör verkafólks, því að óneitanlega er það einn hluti af nauðsynlegum lífsskjörum að hafa tíma og efni á tómsundum, þátttöku í félagslífi o. þ. h.

Tillaga sú, sem hér er á ferðinni, er hins vegar um það að kannað verði af sérfróðum mönnum, hverjar séu afleiðingar svo mikillar vinnu og þess aðbúnaðar, sem hérlendur atvinnurekstur býður verkafólki. Ástæða er til að ætla, að vinnuálag sé t. d. yfirleitt mikið í ýmsum greinum framleiðslunnar, svo sem í fiskvinnu, þar sem oft er skortur á vinnuafli, og ástæða er til að ætla að almennt standi íslenskir atvinnuvegir langt að baki erlendum hvað snertir aðbúnað á vinnustöðum. Atvinnusjúkdómar geta auðvitað verið mismunandi og margvíslegir. Nokkrar rannsóknir um atvinnusjúkdóma hafa verið gerðar, flestar bundnar ákveðnum vinnustöðum. En til þess að heildarvitneskja fái um eðli og útbreiðslu atvinnusjúkdóma hlýtur einnig að þurfa að skyggna vinnumál af sjónarhóli félagslæknisfræði.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja könnun sem þessa nauðsynlega og sjálf-sagt mál að fylgjast stöðugt með vinnumálum að þessu leyti.